



„Þeir hafa flest vitni til síns fróðleiks, er best eru lærðir“: Áhrif lærdómstexta og kennslurita á íslensk sagnarit miðalda

Arngrímur Vídalín

► Abstract ► Um höfund ► About the author ► Heimildir

Ýmis kennslurit á latínu bárust til Íslands í kjölfar kristnitöku um og eftir árið 1000, sem þýdd voru á norrænu og einkum voru ætluð sem undirstaða til prestsmenntunar. Í þessari grein er fjallað sérstaklega um eitt slíkt kennslurit, það er *Elucidarius* eftir Honorius Augustodunensis, svo til samanburðar um frumsamið kennslurit á norsku, *Konungs skuggsjá*, eftir ókunnan höfund. Fyrirnefnda ritið er kristilegt uppfræðslurit sem tekur til grunnþekkingar á kristindóminum og til siðferðilegrar uppfræðslu. Síðarnefnda ritið byggir nokkuð á hinu fyrirnefnda þótt það sé einkum ætlað til veraldlegrar en þó einnig kristilegrar uppfræðslu konunga. Hér verða færð rök fyrir því að bæði þessi rit, sem ekki munu hafa verið aðgengileg almenningi, hafi haft töluverð áhrif á tvö íslensk sagnarit: *Eiríks sögu víðförla* og *Yngvars sögu víðförla*. Sýnt má þykja að þeim kristilega og veraldlega dygðalærdómi sem þessi rit innibera hafi ekki síður verið ætlað að ná til almennra viðtakenda en hinna lærðari. Þrátt fyrir öllu ævintýralegru blæ á sagnaritunum, sem fjalla um nokkurs konar pílgrímaferðir til fjarlæggra landa í austri þar sem drekar, jötnar og ýmis skrímsl bíða söguhetjanna, þá eiga öll þessi rit það sameiginlegt að fjalla um upphafningu lærdóms og visku, kristilegra og konunglegra dygða, sem séu grundvöllur alls heimsskílnings og það sem greinir gott frá illu, kristna menn frá heiðingjum.

Efnisorð: menntun á miðöldum, *Elucidarius*, *Konungs skuggsjá*, Fornaldarsögur, Heimskringla, guðfræði

Inngangur

Töluvert hefur verið fjallað um mannkostamenntun í anda dygðasiðfræði Aristótelesar á síðustu árum, meðal annars í kennslu á Íslendingasögum (sjá t.d. Atli Harðarson o.fl., 2018; Róbert Jack, 2018a, 2018b; Þóra Björg Sigurðardóttir, 2018). Í þessari grein verður sjónum aftur á móti beint að dygðamenntun fyrri alda á Íslandi og þá einkum tveim áhrifamiklum kennslubókum frá miðöldum og afleiddum köflum úr sagnaritum. Önnur bókin, *Elucidarius*, er tólftu aldar þýðing úr latínu á ritinu *Elucidarium* eftir Honorius Augustodunensis, upphaflega samið um 1100. Hin bókin, *Konungs skuggsjá*, er frumsamin á norrænu í Noregi um eða eftir miðja 13. öld. Sú síðarnefnda, sem er samin fyrir verðandi konunga, þiggur form sitt og fræðsluáferð frá hinni fyrirnefndu auk *Dialóga Gregoríusar mikla*.¹ *Elucidarius* er dídaktískt kristilegt fræðslurit þar sem fróðleikurinn er settur fram á samtalsformi meistara og lærisveins og áhrif þess á *Konungs skuggsjá* eru augskýlleg, þó að samtalsformið í síðarnefnda ritinu sé með nokkuð öðru sniði. Þau áhrif ná þó víðar. Samband meistara og lærisveina eins og það er sett fram í þessum ritum kemur til að mynda fyrir í ýmsum

¹ Hér verður stuðst við útgáfu Gunnars Harðarsonar (1989) á *Elucidarius* og útgáfu Keyzers o.fl. (1848) á *Konungs skuggsjá*, en aðrar mikilvægar útgáfur á sömu textum eru *Elucidarius in Old Norse Translation*, Firchow og Grimstad (1989), og *Konungs skuggsjá* (Holm-Olsen, 1983). Nýjasta útgáfan af *Dialógum Gregoríusar* er de Leeuw van Weenen (2018). Einnig eru töluverð líkindi við Gylfaginningu Snorra Sturlusonar en vegna nálægðar textanna í aldri (*Konungs skuggsjá* rituð um 1250 í Noregi, Gylfaginning rituð á Íslandi á tímabilinu milli 1220–1241), auk handritageymdar *Snorra-Eddu* (elstu handrit varðveitt frá um 1300), er hæpið að draga ályktanir um tengsl milli þeirra texta.

Íslenskum sagnaritum síðmiðalda, líkt og Margaret Schlauch var fyrst til að benda á (Schlauch, 1934, bls. 49–55). Þótt ýmis fleiri dæmi mætti tína til verður hér einblínt á sögur af hinum víðförllu Eiríki og Yngvari sem báðar fjalla um norræna menn af góðum ættum sem leita Paradísar langt í austri.² Á leið sinni kynnast þeir keisurum sem þjóna hlutverki fræðara, og nema þeir af þeim sambærilegar listir og kennslubækurnar tvær miðla. Sá fróðleikur er að lokum það sem skilar söguhetjunum á leiðarenda og hjálpar þeim að ná markmiðum sínum. Hér verður tekið til skoðunar hvað þessir textar geta sagt okkur um hugmyndir miðaldamanna um mikilvægi menntunar og lærdóms í ljósi þess að kristleg gildi og konunglegar dygðir haldast þar hönd í hönd (Ármann Jakobsson, 1997; Bagge, 2000, bls. 7–45; Boyle, 2018; Hamer, 2000, bls. 47–62).

Textarnir

Sem fyrr segir er *Elucidarius* texti sem talinn er verk guðfræðingsins Honoriusar Augustodunensis, saminn um 1100, en höfundur leggur að vísu ekki nafn sitt við verkið sakir uppgerðarhæversku:

Bók þessa kalla eg *Elucidarium*, en það er Lýsing, því að í henni lýsast nekkverir myrkvir hlutir. En af því þagða eg yfir nafni mínu að eigi eggjaði öfund óhlýðna menn að hafna nýtu verki. En sá er bók þessa les, biði að það nafn sé ritið á lífsbók á himni. (Gunnar Harðarson, 1989, bls. 45)

Textinn er dídaktískur, sem hér merkir að fræðslan fer fram á samtalsformi milli meistara (lat. magister) og lærisveins (lat. discipulus) líkt og algengt var í fræðsluritum fyrri alda. Lærisveinninn spyr spurninga sem meistarinn varpar ljósi á (lat. eludicare) með svörum sínum og leiðir lærisveininn þannig í allan sannleika um háfleyg spurnarefnin, sem öll eiga að styðja hann á þeirri vegferð að verða dygðugur og upplýstur kristinn maður. Formálsorð bókarinnar nefna hinar fjórar meginstoðir kristinnar; skynsemi spámannanna, tign postula, speki fedra, og „vitra áhyggju“ lærifeðra (Gunnar Harðarson, 1989, bls. 45). *Elucidarius* var snemma þýddur á norrænu, fáeinum áratugum eftir að verkið var frumsamið, og það er sú þýðing sem verður til umfjöllunar hér fremur en latneski frumtextinn.

Konungs skuggsjá er sömuleiðis fræðslurit, færð í letur í Noregi um 1250–1260. Höfundur er óþekktur eins og gildir um allflest norræn miðaldarit, en skrifar þó hæversklega í handrit af sömu ástæðu og höfundur *Elucidarius*, að hann neiti að geta nafns síns. Svo óvanalegt er þetta að augljóst er hver fyrirmynd þessarar kláusu er:

En ef nökkurir girnask eða forvitnask at heyra eða nema þessa bók, þá er eigi nauðsyn at forvitnask þess nafn, eða hvat manna sá var, er samansetti ok ritaði þessa bók, at eigi berisk svá til, at nökkurr hafni því, sem til nytsemdar má þar í finnask, annathvært fyrir háðungar sakir eða öfundar, eða einshvers fjándskapar við þann er gerði. (Keyser o.fl., 1848, bls. 3)

Konungs skuggsjá er líkt og fyrirmyndin á samtalsformi, að þessu sinni milli sonar og föður. Sonurinn spyr föðurinn hvers kyns spurninga um konungdóm og viðskipti, en einnig um orðróm þess efnis að skrímsl hafist við í höfum umhverfis Ísland og Grænland og ýmis önnur undur. Margar spurningar sonarins hafa að gera með konunglegar dygðir og ýmsar gagnlegar upplýsingar þar að lútandi.

Eiríks saga víðförla er saga af hinum unga konungssyni Eiríki sem heldur af stað frá Noregi gagnert til að finna Ódáinsakur, sem kristnir nefna samkvæmt Flateyjarbókargerð sögunnar „jörð lifandi manna eða Paradisum“. Þetta gæti nútímaviðtakendum sögunnar þótt óvanalegt, en veruleiki fólks á miðöldum var í mun meiri tengslum við hið geistlega og tilvist staða á við helvíti, hreinsunareld og Paradís ekki einasta tekin trúanlega heldur jafnvel bókstaflega. Þannig virðist lærdómsfólk hafa verið nokkuð samstíga í skilningi sínum á landfræðilegri staðsetningu hins biblíska aldingarðs á jörðu og mætti telja hér til nokkra kennivaldsmenn, t.a.m. Ísidórus erkibiskup frá Sevilla, Hrabanus Maurus og áðurnefndan Honorius Augustodunensis. Allir eru þeir sammála um að Paradís sé í austri

² Um mynd Íslendinga af svonefndum Indíalöndum, þ.e. austurlöndum fjær, sjá Sverri Jakobsson (2007, 2018).

og Honorius fjallar einmitt um það í *Elucidarius* sínum (Gunnar Harðarson, 1989, bls. 57). Þessi staðsetning er jafnvel nákvæmar tilgreind í sumum íslenskum handritum, t.d. Hauksbók (AM 544 4to) og Narfeyrarbók (AM 194 8vo), en báðar grundvallast þær á lærdómshefð meginlands Evrópu (Sverrir Tómasson, 2011, bls. 362–364). Í Hauksbók segir:

Sva er sagt at paradís er hinn æsti lutr þessarar veraldar. þar var Adamr settur oc etlaðr til dyrðar ef hann heldi þat er guð bauð honum. þar er sua god vist at þar ero blomar oc viðir oc oll gros með hinni somo fegrð iafnan. þar er huarke ofhiti ne kuldi. þar stendr þat tre er maðr kennir eigi sottar ne meinsemdar ef hann bergir þar af. oc heitir þat lifs tre. aller þessa heims koster fylgia þar en engir ero þar anmarkar. brunnr er sa þar er fylgia oll vatns friðendi. þanan falla or .iiij. aer i þenna heim. Phison. oc Gion. Tigris. oc Eufrates. paradís er i austri heimsens. oc veria biorg oc hitar at menn skili eigi þangat komast. (Finnur Jónsson og Eiríkur Jónsson, 1892–1896, bls. 306)

Greina má staðsetningu Paradísar að nokkru leyti út frá þeim þekktu stórflyótum sem þaðan renna, þótt ekki séu upplýsingarnar landfræðilega nákvæmar. Samsvarandi kafli í Narfeyrarbók er ögn frábrugðinn og sýnir okkur að Paradís flýtur yfir jörðinni:

Paradisus heitir stadr, sa er eigi aa himnum ok eigi aa iordu, helldr er hann i midio lopti iamnær himni ok iordu, sva sem hon var sett af gudi. Paradisus er XL milna hærrí en Noa flod vard. Paradisus er ðll iamlöng ok iambreid, þar er hvorki fiall ne dalr, þar er eigi frost ne snioR, þar ero allir landskostir, en þar er ecki illkvikendi ok eingi andmarki, þar er brunnr godr, sa heitir lifs brunnr, þar er einn fagr skogr ok dasamligr, er heitir Radion salltus, hann fólnar alldri, þar er hvert tre rett sem kolfr ok sva hatt ath eigi ma yfir sia, þar ero hvers kyns tre, þau er með allri fegurð standa ok bera aa ser allz kyns blom ok birti epla ok alldina með morgu moti, þar fellr alldri lauf af vidi, sia skogr er i midri Paradiso. Eitt tre með avexti var bannat Adami, þar er i folgin vitra godz ok illz. Þar er hvorki hatr ne hungri, ok alldri er þar nott ne myrkr, helldr er hinn sami dagr avallt, ok skinn sol þar VII hlutum biartari en i þessum heim, þviat þar kemr vid aull birti himintungla. Þar ero settir englar ath reystra til skemtunar. Þangat skolo fara salur godra manna ok una þar til doma-dags, sidan er gud lauk upp, þa er hann leiddi þangat ðnd þiofs þess, er lif sitt lét aa crossinum. I Paradiso er einn fugl, er Fenix heitir, hann er hardla mikill ok undarligi ath skepnu, sva sem gud skop hann, ok er hann drottinn yfir ðllum fuglum. Hann laugar sik i lifs brunni ok flygr upp á þat tre, er hést er i Paradiso i gegen solo, þa skinn af honum sem af solar geisla, hann gloar allr sem gull, fiadrar hans ero likari englum guds, briost hans er sva fagrt ok nef sem adr var sagt of fiadrar. Augu hans ero sem kristallus, fêtr hans ero sem blod. Enn þa er sa enn fagri Fenix flygr upp or Paradiso á Egipta-land ok er þar XV vikur, þa safnaz til hans allz kyns fuglar og syngia um hann a hveria lund. Þa heyra menn þat, þeir er þar ero, ok fara til hans hvadan èfa ok mæla sva: kom heill Fenix hingat til landz, þu gloar sallr sem gull rautt, allra fugla ertu konungur [...] Þa er XV vikur ero lidnar, ferr enn fagri Fenix aprt til Paradisar. (Kálund, 1908, bls. 3–5)³

Á leið sinni dvelur Eiríkur um hríð í Miklagarði og nemur þar fróðleik af keisaranum sem í sögunni er að vísu nefndur konungur, en íslenskir sagnaritarar virðast lítinn greinarmun hafa get þar á. Konungur gerist Eiríki lærifaðir á sama hátt og magister-discipulus-sambandið er sett fram í *Elucidarius* og *Konungs skuggsjá* og kennir lærisveininum Eiríki margt. Á þann hátt er Eiríkur leiddur í allan sannleik um hina kristnu Paradís og löndin þar í kring, þar með um tungumálin og margt hið undarlega fólk og skrímsl sem búa í löndunum í austri. Helsti munurinn á þessari samræðu og hinum er sú að samræða Eiríks við konung á sér stað innan frásagnarramma lengri sögu en fræðsluritin tvö eru alfarið samræða án samhengis við nokkra slíka frásögn.

Loks er að geta *Yngvars sögu víðförla*, en hún fjallar um hinn sænska Yngvar sem ekki getur aflað sér konungsnafnbótar heima fyrir, svo hann leitar hennar úti í heimi. Þegar hann fréttir af dularfullri stóra í Gardaríki með ókunn upptök snýst ferð hans upp í leitina að upptökum hennar. Þess ber að

³ Nánar um Paradís, sjá Ashurst (2006).

geta að þó að *Yngvars saga sýni* ekki síðri áhuga á landafræði og framandi þjóðum en *Eiríks saga* og innihaldi sambærilega samræðu meistara og lærisveins, þá er aldrei sagt berum orðum í sögunni en látið liggja á milli línanna að ef til vill snúist sú leit í raun og veru um leit hans að hinni jarðlegu Paradís kristinna manna (Haki Antonsson, 2012, bls. 71–140). Líkt og Eiríkur lærir Yngvar einnig margt af veturlöngu eintali sínu við Jólíf, konung borgarinnar Helíópólím, en samræða þeirra á sér stað „á bakvið“ textann; sagt er frá henni en hún aldrei sýnd. Konungur er mjög fróður um þær lítt könnuðu lendur sem framundan eru og ljóst að Yngvari er mikið hald í fræðslunni þegar hann kemst í tæri við risa, kýklópa, fljúgandi dreka og kvendjöfla (Helga Kress, 1993, bls. 122–123).

Í stuttu máli fjallar einn textinn um kristilegar dygðir og guðfræðilega þekkingu, annar fjallar um konunglegar dygðir og veraldlegan fróðleik, svo sem tungumálakunnáttu, viðskipti, landa- og dýrafræði, og sagnaritin tvö fjalla um trúarlegar heimsreisur mikilla kappa sem grundvallast á lærdómi sem þeir hljóta af konungum, ekki síst þeim tungum sem þeir af þeim nema. Þar með má segja að víðförlasögurnar taki upp helstu stefin í báðum ritum, *Elucidarius* og *Konungs skuggsjá*, um leið og þær sýna hagnýtt gildi kristilegra dygða og konunglegrar þekkingar í gegnum afrek söguhetjanna. Þó að frásagnirnar séu með ævintýrlegasta móti í augum nútímalesenda eiga þær sér grundvöll í helstu lærdómsritum Evrópu á miðöldum, þar sem skrímsl og furðuskepnur á jöðrum hins þekktu heims heyrðu til hinnar viðurkenndu myndar fólks af heiminum. Það að menntun frækinnar hetja þjóni svo mikilvægu hlutverki í frásögnunum er merkilegt út af fyrir sig og þau atriði sem hér hafa verið talin upp verða nú greind ítarlegar.

Milli tveggja heima

Elucidarius er sem fyrr segir kennslurit og iðulega varðveitt í handritum innan um önnur slík rit sem saman dygðu til nauðsynlegustu prestsmentunar. Form þess er að líkindum undir áhrifum frá læriföður Honoriusar, Anselm erkibiskup af Kantaraborg, en um kennslufræðilega kosti samtalsformsins sagði hann: „Það sem rannsakað er með spurningum og svörum verður mörgum augljósara, einkum þeim sem seinir eru til skilnings, og veitir þeim því meiri ánægju.“ (Gunnar Harðarson, 1989, bls. 19–22). Í *Elucidarius* eru hin kristnu gildi dregin fram með vandlega orðuðum spurningum, ekki til að vekja nemendur til umhugsunar heldur fremur til að veita við þeim vandlega úthugsuð og fullnægjandi svör, þó að þau svör þættu að vísu fljótt orðin úreld (Gunnar Harðarson, 1989, bls. 22). Þá gildir einu hversu stórar spurningar lærlingsins eru, því meistarinn á til svar við þeim öllum. Nútímalesendum kynni að þykja það framandlegt að spyrja um landfræðilega staðsetningu aldingarðsins Eden á jörðinni, um ástæður þess að guð skapaði mannfólkið og hvar nákvæmlega það átti sér stað, um fall Satans og hvers vegna guð kemur ekki í veg fyrir slæma atburði, en í augum kristinna á miðöldum voru þetta allt raunverulegar spurningar um raunveruleg fyrirbæri sem til var raunveruleg vitneskja um að talið var. Sem dæmi um hversu mjög kristleg trú og skilningur á ritningunni hefur breyst, á Íslandi og víðar, í aldanna rás má nefna að guðfræði *Elucidarius* byggir að hluta til á kenningunni um að maðurinn sé örheimur (lat. microcosmos) innan hins stærra umheims (lat. macrocosmos). Í þeim skilningi endurspeglar maðurinn veröldina og þess er sérstaklega getið að höfuð Adams var gert hnattlaga í líking jarðarinnar, eða eins og það er orðað í handriti:

Höfuð hans var böllótt í glíking heimballar. Í því eru augu tvö sem sól og tungl á himni. Í brjósti er blástur og hósti sem vindar og reidarþrumur í lofti. Kviður tekur við vekku sem sær við vötnum. Fætur halda upp öllum líkam sem jörð ber allan höfga. Af himneskum eldi hefir hann sýn, en af inu efra lofti heyrn, en hilming af inu neðra, bergning af vatni, en handakenning af jörðu, hagleik beina af steinum, en glíking tréa í nöglum, hársvöxt af grasi, en hann kennir sín sem kykvendi, því að þetta er allt líkamlegt eðli manns. (Gunnar Harðarson, 1989, bls. 55)

Því hefur verið haldið fram að sömu hugmynd sé að finna í formála *Snorra-Eddu*, en því hafnar Gunnar Harðarson með sannfærandi hætti í grein sinni „Rökfærslur í Snorra-Eddu“ (Gunnar Harðarson, 2024c, bls. 75–99).

Hugmynd þessi á rætur sínar í nýplatonisma en mögulega er hún komin í *Elucidarius* úr eldri ritum á við *Guðsríki* Ágústínusar og *Orðsifjar* Ísidórusar frá Sevilla, sem er völdugt alfræðirit um alla skapaða hluti og kristilega merkingu allra fyrirbæra í heiminum og var vel þekkt á Íslandi, að ógleymsdu öðru höfuðverki hans *De natura rerum* (hvað síðastnefnda varðar sjá Kendall og Wallis, 2016, bls. 127). Samkvæmt Ísidórusi voru maður og náttúra eitt en innan sérhvers afmarkaðs flokks fyrirbæra gátu rúmast frávik. Sérstaklega áhugavert er hvaða afleiðingar kenningin hefur fyrir mannfólkið sjálft, því Ísidórus fjallar um að rétt eins og fæðst geti einstaklingar sem brjóti í bága við almenn viðmið um hvernig fólk skuli vera, jafnvel skrímslislegt fólk, þannig gætu orðið til heilir þjóðflokkar skrímslislegs fólks innan hins stærra mengis mannkynsins. Ennfremur væru slíkar skrímslislegar þjóðir ekki andstæðar náttúrunni heldur nauðsynlegur hluti hennar, enda gæti ekkert verið til nema fyrir vilja guðs (Barney o.fl., 2010, bls. 243–245). Rökfærsla þessi byggir á Ágústínusi og í henni leynist óorðuð skýring á hvers vegna til væru fordæmdar þjóðir á jöðrum heimsins sem samkvæmt Opinberunarbókinni myndu herja með andkrísti gegn mannkyni á hinum efsta degi; nefnilega sú að hin fordæmdu séu nauðsynlegur hluti sköpunarverksins, mikilvægur þáttur í ætlunarverki Guðs.⁴ Þetta atriði má sjá í ýmsum miðaldaritum íslenskum (Arngrímur Vídalín, 2017).

Ljóst er að Honorius er sammála þeim kirkjufæðrum um að ekkert sé til í veröldinni nema það sem Guð hefur skapað og það er kenning sem Íslendingar tóku upp á arma sína. Þó að *Elucidarius* láti þeirra ógetið þá birtast skrímslislegar þjóðir á jöðrum heimsins víða í íslenskum lærdóms- og sagnaritum og greinilegt er að þar liggja fræði Plíníusar eldri, Ágústínusar, Ísidórusar og Honoríusar til grundvallar.

Líkt og *Elucidarius* hefst *Konungs skuggsjá* á inngangi um nytsemi góðrar vísku og skynsemi andspænis fáfræði og heimóttarskap, en jafnframt neitar höfundur að láta nafns síns getið, líkt og áður kom fram. Þrátt fyrir hæverska höfundarrödd, sem greinilegt er að á að tilheyra syninum í samræðunum sem á eftir fara, þá er þess vandlega gætt að gera föðurnum eins hátt undir höfði og mögulegt er þegar sonurinn skýrir sérstaklega hvers vegna hann sækist eftir ráðum föðurins:

Ek heyri þat alþýðu vitni, sem ek ætla satt vera um vísku yðra, at varla fáí vitrara mann í þessu landi, en þér erut, til allrar speki, þviat til yðarrar orlausnar stunda allir þeir, er vandamálum eigu at skipta; enda heyri ek ok, at svá væri, þá er þér várut með konungum, at í yðrum munni þóttu vera öll landráð, svá lögmál ok sættargerðir ok allskonar speki. (Keyser o.fl., 1848, bls. 4)⁵

Með slíkt veganesti getur sonurinn betur fylgt í fótspor föðurins og viðtakendur *Konungs skuggsjár* jafnframt fullvissadír um að þeim verði gagn að bókinni. Upphaf allrar speki, segir faðirinn, er ástríkur guðsótti:

elskaðu guð af öllu hjarta þínu, ok af öllu affi þínu, ok af öllum mætti þínum. Nú skal guði unna umfram hvetvetna, en hræðask guð hvert sinni, er maðr girnisk rangra hluta, ok láta þó laust ranga girnd fyrir guðs sakir, þóat maðr hafi dirfð á at halda fyrir manna sakir. Nú með því at þú leitar, hvat stafrof eða grundvöllr sé til spektarnáms, þá er þetta eitt satt upphaf ok ekki annat. En sá er þetta nemr ok gætir, þá missir sá eigi sannrar spektar ok allrar gæzku. (Keyser o.fl., 1848, bls. 4)

Ármann Jakobsson bendir á í riti sínu *Í leit að konungi* að í íslenskum konungasögum séu konunglegar dygðir jafnan í senn trúarlegar og veraldlegar. Konungar voru verndarar kirkjunnar og áttu jafnframt að vera öðrum gott kristilegt fordæmi. Meðal veraldlegra dygða þeirra, sem ekki voru síður mikilvægar, má nefna höfuðdygðirnar fjórar; vísku, styrk, stillingu og réttlæti. Þá dregur Ármann fram að konungar hafi þurft að búa yfir öllum þessum kostum, og að sömu áherslu á vísku og þekkingu megi greina jafnt hjá evrópskum konungum þrettándu aldar og í íslenskum konungasögum (Ármann Jakobsson, 1997, bls. 191–239). Þessi sama áhersla er leiðarhnoða í *Konungs skuggsjá* og í þeim sögum sem hér eru teknar til skoðunar.

⁴ Um þetta má lesa nánar hjá Arngrími Vídalín (væntanlegt 2025).

⁵ Orðið landráð merkir hér stjórnvísku.

Á meðan *Elucidarius* nefnir fjórar meginstoðir kristinnar tekur sjálf spekin til máls í *Konungs skuggsjá* og greinir frá sjö höfuðstólpum: „Sæll er sá er búa skal í mínu herbergi, þvíat í mínu herbergi eru sjau höfuðstólp, þeir er samantengja alt hválf með góðri þekju, ok sjálf gólf með úþrotligum grundvöllum, ok remma þrekliga alla veggj með sterku aflí“ (Keyser o.fl., 1848, bls. 138). Ef að líkum lætur er hér vísað til hinna sjö frjálsu lista (lat. septem artes liberales) sem grundvölluðu skólakerfi miðalda, sem í 14. aldar hluta handritsins GKS 1812 4to (4v) eru greindar sem undirflokkar heimspekinnar í samræmi við hugmyndir úr *Orðsifjum* Ísidórusar og síðar Alkvíns frá Jórvík (Barney o.fl., 2010, bls. 69–88, sjá einnig Patzuk-Russell, 2021, bls. 1–23, ennfremur bls. 147–211). Undir grein siðfræðinnar sérstaklega heyra höfuðdygðirnar fjórar sem Alkvín tók upp á arma sína frá Ísidórusi þegar hann var fenginn til ráðgjafar við mótun menntakerfis Karlamagnúsar á áttundu öld: Viska, hreysti, hófsemi og réttlæti, en þessar dygðir nefnir Alkvín einnig í riti sínu *Um kostu og löstu* (*De virtutibus et vitiis*) sem þýdd var á norrænu eigi síðar en um 1200 (sjá Widding, 1960; Gunnar Harðarson, 1989, bls. 30, 2024a, bls. 22–37, 39–40, 2024b, bls. 45–59). Ljóst er því að allnokkur skyldleiki er með þessum fróðleiksritum og ótvírætt er mikilvægi margra þeirra í evrópskri menntasögu.

Hluti af nauðsynlegri þekkingu konunga er að kunna skil á landafræði og þar með á þeim skepnum sem búast má við að reki á fjörur manns. Þannig spyr sonur föðurinn um „Írland eða Ísland eða Grænaland ok undr þau öll, er þar eru í, annathvært um eld eða undarlig vötn, eða um kyn fiska eða um skrimsl, þau er þar vafra í höfum umhverfis,“ ásamt sitthverju öðru. Faðirinn svarar á þá lund að hann sé eigi

fúsastr at rœða um undr þau er hér eru norðr með oss, ok veldr því lítill hlutr, þvíat þat er siðr margra manna, at kalla flestalt logit, þat er þeir hafa eigi augum sét, ok þykki mér þat ilt í rœður at flytja, er ek skal síðan vera kallaðr lygimaðr af, þóat ek vita til viss at satt sé, sumt þat er ek hefi augum sét, en þat er sumt, er hvern dag er kostur at spyrja af þeim, er augum hafa sét ok rannsakat, ok vitu til viss at satt er, ok vitu vér þá úlygna vera. (Keyser o.fl., 1848, bls. 18)

Til stuðnings sínu máli nefnir faðirinn eina litla bók sem borist hafi þangað til lands (þ.e. til Noregs) sem sagt er að hafi verið sett saman á Indíalandi og innihaldi fróðleik um þau hin sömu lönd. Sjálfur Manúel I Býzanskeisari á að hafa haft bókina undir höndum, sem sýnir að hann hafi verið opin fyrir fróðleik hennar líkt og vitrum einvaldi sæmir, en þó „er þat orð flestra manna, er bókina heyra, at þat megj eigi vera, ok þat sé ekki nema lygi, er þar segir í þeirri bók.“ Og nú bættir faðirinn við ræðu sína:

en ef görla skal rannsaka í várum löndum, þá eru ekki hér þeir færri hlutir heldr en hizug [hinn veg] eru ritaðir, er undarligir munu þykkja eða enn undarligri í várum löndum þeim, sem ekki eru slíkir hlutir sénir eða döemi til. Nú köllu vér fyrir því þá hluti lygiliga vera, at þeir eru ekki hér sénir, ok eigi fyrr heyrðir heldr en hér í þessi bók, sem nú rœddu vit um. Nú hefir sú en litla bók verit þó víða borin, við þat at hon hafi jafnan verit tortrygð ok lygi vænd, ok þykki mér þó engi sœmd þeim í hafa verit, þóat víða hafi borin verit, með því at æ hefir logit verit kallat þat, er í er ritat. (Keyser o.fl., 1848, bls. 19)

Föðurnum mislíkar með öðrum orðum hversu mjög kver þetta er tortryggt fyrir þær sakir einar að viðtakendur þess hafi ekki sjálfir séð með eigin augum þau undur sem þar er lýst. Þar með gefur hann jafnframt í skyn að hið ókennilega, framandlega og skrímslislega sé háð sjálfsmýnd, menningu og skilningi þess sem það ber augum, því það sem í augum eins kann að vera ófreskja eigi sér iðulega eðlilegar skýringar í augum annars. Jafnvel sjálfsögðustu hlutir í einu landi kunna að þykja ótrúverðugar lygisögur frá sjónarhóli þeirra sem ekki til þekkja:⁶

Bæði eru slíkir hlutir ok margir aðrir þeir þar í mæltir, er undarligir þykkja, ok láta margir tortryggliga yfir, ok sýnisk mér fyrir því engi nauðsyn at jafna þeim hlutum saman, er þar eru í ritaðir, ok þeim er hér eru með oss, er jafnundarligir munu þykkja þar, sem oss þykkja þessir hér, er nú rœddir þú um; þvíat þat mætti vera, at temja mætti dýrin eða önnur

⁶ Þetta er raunar viðtekið skoðun í fræðum 21. aldar og mætti benda t.d. á Cohen, 1996.

kykvendi, þóat þau væri grimm eða torveldlig um at véla. En þat mun þykkja meira undr, er svá er í frá sagt um þá menn er þat kunnu, at temja tré eða fjalar til þess, at sá maður, er hann er eigi fimari á fœti en menn aðrir, meðan hann hefir ekki annat á fótum en skúa sína eða elligar bera fœtr sína, en jafnskjótt sem hann bindr fjalar undir fœtr sér, annattveggja sjau álna langar eða átta, þá sigrar hann fugla at flaug eða mjóhunda at rás, þá sem mest megu hlaupa, eða hrein er hleypr hálfu meira en hjörtr; þvíat sá er mikill fjöldi manna, er svá kann vel á skíðum, at hann stingr í einni rend sinni 9 hreina með spjóti sínu ok þaðan af fleiri. Nú mun þessi hlutr þykkja tortryggigr ok úlíkligr og undarligr á öllum þeim löndum, er eigi vitu menn með hverri vél eða list slíkt má vera, at fjölin má tömd vera til svá mikils fjótleiks, at á fjöllum uppi þá má ekki vætta forðask rás þess manns ok skjótleik, er fjalar hefir á fótum sér, þá er hann ekki fimari en aðrir menn. En í öðrum stöðum þar sem menn eru ekki slíku vanir, þá mun varla finnask svá fimr maður, at eigi þykki af hánnum taka allan fimleika, þegar er slík svá tré eru bundin við fœtr hánnum, sem nú höfum vér um rœtt. (Keyser o.fl., 1848, bls. 19–20)

Í miðaldafrásögnum sést þessa enda glöggt merki, svo sem í sögum af Hrafnistumönnum sem þykja næstu nágrannar sínir vera hin verstu tröll og skapa sér ýmiss konar grundvöll til að svipta þá mennskunni með því að draga skýran greinarmun milli þeirra og eigin sjálfsmýndar, og það þótt skyldleiki milli þeirra sé bersýnilegur og Hrafnistumenn sjálfir af „tröllum“ komnir (Arngrímur Vídalín, 2013; Wang, 2023). Hvaða rit hér um ræðir sem vísað er til í *Konungs skuggsjá* er ekki alveg ljóst, en hugsanlega er hér á ferðinni ein elsta norræna vísun til sögusagna af Presta-Jóni sem ekki er söguleg persóna heldur tilbúningur lærdómsmanna (Keyser o.fl., 1848, bls. 19; Sverrir Jakobsson, 2018). Sagt var að hann hefði ríkt yfir kristinni þjóð mitt á meðal heiðingjaþjóða í austri. Síðar áttu önnur slík goðsagnarit eftir að berast til Norðurlanda, svo sem fjórtánda aldar ritið *Reisubók Mandevilles* sem var þýdd á forndönsku snemma á fimmtánda öld og er sennilega alvinsælasta fróðleiksrit um skrímsl fjarlæggra landa sem til var á miðöldum (sjá útgáfu Lorenzen, 1882). Þá niðurstöðu má draga af umfjöllun *Konungs skuggsjár* um þessi efni að fyrirmyndarkonungur hafi ekki aðeins glögga þekkingu á kristindómi, viðskiptum og kurteislegum siðum, heldur hafi hann einnig yfirgripsmikla þekkingu á landafræði, mannfræði og svo því sem telja mætti til hins óvanalega, svo sem skrímsla og annarra fyrirbæra sem kunna að virðast yfirsíkilvitleg.

Á vit Ódáinsakra

Eiríks saga víðförla er varðveitt í fjórum mismunandi gerðum í fimm miðaldahandritum: AM 720 a VIII 4to frá fyrri helmingi 15. aldar, AM 557 4to (um 1420), AM 657 c 4to (1340–1390), GKS 2845 4to (1420–1450), og Flateyjarbók sem hér verður miðað við (rituð á bilinu 1387–1394) (Kolbrún Haraldsdóttir, 2019, bls. 49 o.áfr.). Sagan er, miðað við hefðbundnar greinar íslenskra miðaldasagna, heldur vandflokkuð bæði að efni og stíl (Kleivane, 2009). Frásagnarmáti sögunnar er látlaus, efni hennar er alfarið trúarlegt auk þess að í Flateyjarbók er hún undanfari konungasögunnar Ólafs sögu Tryggvasonar hinnar mestu. Engu að síður, sjálfsgagt sakir þess að Eiríkur víðförla er sagður sonur Þrándar konungs yfir Þrándheimi (fedgarnir báðir án efa tilbúningur) var hún látin flakka með í ýmsum útgáfum á *Fornaldarsögum Norðurlanda*, þar með talið í útgáfu Guðna Jónssonar og Bjarna Vilhjálmssonar (1944) og það þótt þeir viðurkenni að sagan geti tæpast talist til fornaldarsagna (Guðni Jónsson og Bjarni Vilhjálmsson, 1944, bls. viii).⁷ Sagan fjallar um nefndan Eirík sem eitt kvöld jóla strengir þess heit að ferðast um allan heim til að finna „stað þann er heiðnir menn kalla Ódáinsakur en kristnir menn jörð lifandi manna eður Paradisum“ (Guðni Jónsson og Bjarni Vilhjálmsson, 1944, 446).⁸ Ljóst er af sögunni að Eiríkur hefði aldrei komist á leiðarenda ef ekki hefði verið fyrir þá fræðslu sem hann hlaut af konungi annars vegar, og svo hitt að hann fylgdi ráðleggingum hans í einu og öllu.

⁷ Um það er deilt hvað nákvæmlega fornaldarsögur eru, ef þær geta yfirleitt talist vera sérstök bókmenntagrein. Sjá Quinn o.fl. (2006); sbr. Aðalheiður Guðmundsdóttir (2021), bls. 11–23.

⁸ Helle Jensen (1983) telur þetta vera uppskriftarvillu í Flateyjarbók, þar sem aðrar gerðir sögunnar orða þetta svona: „fara svdr iheim vnz hann fyndi OdaiNs aker aheidiNa manna lyötskv“ (B-gerð) og „skillde fara sudur i lönd þar til ad hann kiæme ad þeim stad er Odaenns acur heiter“ (D-gerð) (sjá bls. 4–5). Ekki er víst að þetta sé uppskriftarvillla, heldur kynni þetta að vera áherslumunur miðað við það samhengi sem Flateyjarbók ljær sögunni. Um samhengi Eiríks sögu víðförla og ólíkar gerðir hennar, sjá Rowe (2005), Kleivane (2009), Carlsen (2015, bls. 52–53) og Kolbrúnu Haraldsdóttur (2019).

Að innihaldi er samræða konungs og Eiríks eins og blanda af *Elucidarius* og *Konungs skuggsjá*. Þannig spyr Eiríkur fyrst hver hafi skapað himin og jörð, og í kjölfarið svarar konungur spurningum um eðli guðs og þrúeyningu hans, um mikilleik hans og mátt, algera visku hans og bústað hans á himnum, um helvíti og Satan, og svo mætti áfram telja. Þetta þykir Eiríki með mestu ólíkindum, ekki síst að fá að vita svo berlega örlog heiðingja að þurfa að líða þínslir í víti. Fyrir tilstilli konungs lætur hann skírast og enn heldur fræðsla hans áfram. Hann vill vita hvar helvíti er, hvað sé ofan jarðar, hvað sé fyrir ofan loftið, og áfram. Öllu þessu svarar konungur af mikilli visku sem Eiríki þykir mikið til koma. Konungur svarar því þannig til, og viðurkennir um leið hversu fáheyrilega yfirgripsmikil þekking hans er: „Forvitinn ertu, Eirekr, ok margra hluta viltu viss verða, þeira sem ónauðsynligir eru ok fáheyrðir ok mjök ókunnir“ (Guðni Jónsson og Bjarni Vilhjálmsson, 1944, bls. 446–450). Í kjölfarið fræðir konungur Eirík um hluti sem tæpast geta talist til mannlegrar þekkingar, en eru þó atriði sem nefnd eru í *Elucidarius*, svo sem um hvernig skilja má þrúeyningu Guðs út frá þrenningu sólar (elds, hita og ljóss), auk atriða sem fyrir koma í *Konungs skuggsjá*, svo sem um landafræði og alls kyns dýr. Þar á meðal er það sem Eirík allra mest fýsti að vita, og vert er að vitna í endalok kaflans í heild:

Eirekr mælti: „Hvert er yzt land í suðrhálfu heimsins?“ Konungur svarar: „Indíalönd segjum vér enda á löndum í þá hálfu heims.“ Eirekr mælti: „Hvar er sá staðr, er Ódáinsakr heitir?“ Konungur segir: „Paradisum köllum vér svá eða jörð lifandi.“ Eirekr mælti: „Hvar er sá staðr?“ Konungur segir: „Í austr er land frá Indíalandi inu yzta.“ Eirekr mælti: „Má komast þangat?“ „Víst eigi,“ segir konungur, „því at eldligr veggur stendr fyrir, sá tekur allt til himins upp.“ En er þetta ok margt annat hafði konungur sagt Eireki, þá lét hann fallast til fóta konungi og mælti: „Ek bið þik, inn bezti konungur, at fyrir fullting yðvart greiðist ferð mín, því at mér er nauðsyn á hendi at efna heitstrenging mína, því at ek strengdi þess heit at fara suðr í heima at leita Ódáinsakrs, en ek veit, at ek má at engum kosti komast þangat, utan ek njóti yðvars fulltings við.“ Konungur segir: „Vertu hér þrjá vetr með oss ina næstu ok far síðan, því at nauðsyn er, at þér verði hjálpt at mínum ráðum, ok hlýð þú mínum fortölum í öllu. Tak við skírni, ok mun ek þá fulltingja þér.“ Eirekr spurði konung vandliga at ömbun réttlætis eða píslum helvítis. Hann spurði ok at yfirbragði þjóða ok grein landa, frá höfum ok útlöndum ok frá allri austrálfu heimsins ok suðrálfu, frá konungum stórum ok frá ýmissum eyjum, frá auðn landa ok frá þeim stöðum, er þeir áttu ferð yfir, frá mönnum undarligum ok búningi þeira ok síðum margra þjóða, frá höggormum ok flugdrekum ok alls kyns dýrum ok fuglum, frá gnótt gulls ok gimsteina. Þessar spurningar ok margar aðrar leysti konungur vel ok fróðliga. Eptir þetta vátu þeir skírðir Eirekr ok hans menn. (Guðni Jónsson og Bjarni Vilhjálmsson, 1944, bls. 449–50)

Þekking konungs er sannarlega yfirgripsmikil og hann fer hvergi í grafgötur með að Eiríkur verður að hafa lokið þriggja ára einkanámi við fóttskór sína um allan mögulegan jarðlegan og himneskan fróðleik til að eiga nokkurn kost á að finna Ódáinsakur. Athygli vekur ennfremur að ófreskjur tilheyra pensúmi konungs, rétt eins og í *Konungs skuggsjá*, og að sumt af umræðuefnum þeirra eru fengin að láni upp úr fornu alfræðiriti Plíníusar eldri, *Naturalis historia* eða *Náttúrufræðinni*.

Eiríkur og föruneysi hans ferðast í austur um Indíalönd og sjá þar ýmislegt, þó því sé ekki nákvæmlega lýst, sem tíðindum myndi sæta, uns þeir koma að einu því stórfljóta er eiga uppruna sinn í hinni kristilegu Paradís:

Þar litu þeir ok mörg undr á því landi, en er þeir höfðu lengi gengit þykkva skóga ok undarliga háva, þá koma þeir um síðir fram ór mörkinni. Þá tók at lýsa ok ljóst at gera ok litu fyrir sér á mikla. Á henni var steinbogi. Öðrum megin árinna sá þeir land fagrt með miklum blóma ok gnótt hunangs ok kenndu þaðan sætan ilm. Þangat var bjart at líta. Enga sá þeir þar hæð né hól né fjall á því landi. Þat skilr Eirekr, at á sú mun skilja þessi lönd at frásögn Grikkja konungs. Þat kom honum í hug, at á sú mundi falla ór Paradiso ok heita Phison. (Guðni Jónsson og Bjarni Vilhjálmsson, 1944, bls. 450–451)

Leiðin að Paradís reynist liggja um munn ógurlegs dreka sem reynist þó allur í kjaftinum en lítt í athöfnum, og hlýtur Eiríkur að hafa fræðst um slíkar sjónhverfingar hjá konungi, þar sem hann og einn förunautur hans hlaupa í munn drekanum og sjást ekki meir, svo ferðafélagar þeirra telja þá af. Eiríkur og félagi hans eru aftur á móti komnir að leiðarenda en ekki leiðarlokum, og þó að aðgangur að Paradís sé ekki ætlaður lifandi mönnum þá mæta þeir varðhaldsengli Eiríks sem umbunar þeim með slíkum dásemdum að í fyrstu telja þeir að um Paradís sjálfa sé að ræða. Það sem þeir fá að njóta er þó aðeins skuggi hinnar eiginlegu Paradísar. Engillinn segir Eiríki allt af létta, að hann sé einn þeirra sem varðveiti hlið Paradísar: „Ek var nær staddr, þá er þú strengdir heit at fara suðr í heim at leita Ódáinsakrs. Eggjaða ek þik at sigla til Miklagarðs, ok at guðs forsjá ok mínum vilja tók þú skírn, ok fyrir því tel ek þik sælan, at þú hlýddir þrifsamligum áminningum Grikkja konungs ok ráðum ok tókt innsigli af honum ok þótt þik í inni helgu Jórdan.“ (Guðni Jónsson og Bjarni Vilhjálmsson, 1944, bls. 452).

Rétt eins og í dídaktísku ritunum tveim birtist í *Eiríks sögu* full vitund um hversu ótrúleg frásögn sem þessi kann að þykja, því þótt Eiríki bjóðist að dvelja í gósenlandinu að vild kýs hann að halda aftur heim svo hann geti sagt fólki frá „dýrðarverkum drottinsligs máttar“. Engillinn hvetur Eirík til dáða og minnir á að þó að Norðurlönd séu enn heiðin þá muni fólk í framtíðinni losna undan villutrú sinni og taka guðs trú, og „gef ek þér leyfi til aptr at fara til þinna ættjarða ok at segja þínum vinum frá guðs miskunn, þeiri sem þú sátst ok heyrðir, því at skjótara munu þeir trúa guðs erendi ok öllum hans boðordum, er þeir heyra þvílíkar sögur.“ (Guðni Jónsson og Bjarni Vilhjálmsson, 1944, bls. 453).

Heimferð Eiríks gengur eins og í sögu, er í það minnsta nógu tíðindalítil til að ekkert af henni segi, og er honum fagnað mjög við heimkomuna. Hinn ellefta vetur að ferðalagi hans loknu hverfur Eiríkur sporlaust og virðist hafa verið hrifinn upp til himna af almættinu sjálfu líkt og helgur maður. Sögunni, sem sögð er „sannfróðliga“ höfð eftir honum sjálfum, lýkur á svofelldum orðum sögumanns í Flateyjarbókargerð sögunnar, sem öðrum riturum sögunnar fremur leggur áherslu á inntak hennar sem trúarleggar dæmisögu (Kleivane, 2009; Kolbrún Haraldsdóttir, 2019):

En því setti sá þetta ævintýr fyrst í þessa bók, er hana skrifaði, at hann vill, at hverr maðr viti þat, at ekki er traust trútt nema af guði, því at þó at heiðnir menn fá frægð mikla af sínum afreksverkum, þá er þat mikill munr, þá er þeir enda þetta it stundliga líf, at þeir hafa þá tekit sitt verðkaup af orðlofi manna fyrir sinn frama, en eigu þá ván hegningar fyrir sín brot ok trúleysi, er þeir kunnu eigi skapara sinn, en hinir, sem guði hafa unnat ok þar allt traust haft ok barizt fyrir frelsi heilagrar kristni, hafa þó af inum vitrastum mönnum fengit meira lof, en þat at auk, at mest er, at þá er þeir hafa fram gengit um almenniligar dyrr dauðans, sem ekki hold má forðast, hafa þeir tekit sitt verðkaup, þat er at skilja, eilíft ríki með allsvaldanda guði utan enda sem þessi Eirekr, sem nú var frá sagt. (Guðni Jónsson og Bjarni Vilhjálmsson, 1944, bls. 454)⁹

Allt þetta afrekar Eiríkur sakir fróðleiksfýsi og þeirra kristilegu og konunglegu dygða sem hann hefur tileinkað sér. Af sögulokum að dæma má kalla Eirík fyrirmynd og afbragð annarra manna og til þess er sagan sögð að menn fá af henni lært hvernig hljóta megi náð fyrir auga Guðs. Niðurlag *Eiríks sögu* minnir sömuleiðis á einn höfuðboðskap *Konungs skuggsjár*, sem Andrew Hamer lýsti svo vel: „The difference between the belief of idolaters and that of the Christian is that the latter is grounded in the knowledge that “all creation serves the one true God”. That is the humble basis for the understanding of God’s creative love, and for the Christian’s loving fear of God, itself the beginning of wisdom.“ (Hamer, 2000, bls. 59–60).

⁹ Klausan um að kunna eigi skapara sinn kemur einnig fyrir í formála *Snorra-Eddu*, sjá Finn Jónsson (1931, bls. 1–7).

Eins langt í austur og austrið nær

Yngvars saga víðförla er varðveitt er í tveim fimmtánda aldar handritum; AM 343 a 4to (um 1450–75) og GKS 2845 4to (um 1450) (Jón Helgason, 1960, bls. 176–178; Olson, 1912, bls. i-xxiv), þó að hún sé að vísu upphaflega talin samin á tólftu öld. Samkvæmt eftirmála í handriti á Oddur Snorrason munkur að Þingeyrum upphaflega að hafa samið söguna á latínu upp úr munnlegum heimildum sem ná alla leið til hirðar Svíakonungs. Kann að vera að latínusögunni hafi verið ætlað að fræða og veita andlega svölun, en ekki verður um það fullyrt með vissu, enda glötuð og óvíst hvort eða hversu frábrugðin hún kann að hafa verið þeirri *Yngvars sögu* sem varðveitt er í handritum (Gottskálk Jensson, 2009, bls. 79–91; Haki Antonsson, 2012, bls. 74–77, 107–108; sbr. Hofmann, 1981, bls. 188–222; sjá sömuleiðis röksemdir Olson 1912 fyrir tengslum hennar við aðrar fornaldarsögur).

Sagan fjallar um Yngvar nokkurn sem ólíkt Eiríki er talinn til sögulegra persóna (Lönnroth, 2014), en þrátt fyrir alla mannkosti og völduga vini á hann þess ekki kost að öðlast ríki eða konungsnafnbót í Svíþjóð. Því heldur hann í langför til að freista þess að öðlast ríki í öðru landi. Fyrst kemur hann í Garðaríki til Jarizleifs konungs, og er hér átt við hinn sögulega fursta yfir Kænugarði, Jaroslaw I. hinn vitra sem ríkti um langt skeið milli 1019–1054, en samgangur norrænna og slavneskra manna mun hafa verið töluverður um þetta leyti (Morawiec, 2009). Sjálfur giftist Jarizleifur Ingigerði dóttur Ólafs sænska Svíakonungs og gifti dóttur sína Ellisif Haraldi harðráða. Það skiptir eigi alllitlu máli fyrir söguna, í ljósi þess hvers konar fræðslu hann veitir Yngvari, að Jarizleifur var fljótlega eftir andlátíð nefndur meðal dýrlinga, svo sem í riti Adams frá Brimum *Gesta Hammaburgensis ecclesiae pontificum* (*Sögu Hamborgarbiskupanna*) árið 1075 (Tschan og Reuter, 2002, bls. 81). Sömuleiðis er það merkingarbært að Yngvari er sjálfum líkt við Ólaf Tryggvason Noregskonung „sem frægastr maðr hefir verit ok mun vera á Norðrlöndum um aldr ok ævi, bæði fyrir guði ok mönnum,“ ekki síst sakir þess hve vitur hann er „ok málsnjallr, mildr ok stórgjöfull við sína vini, en grimmr við sína óvini, kurteiss ok inn hraðligsti í öllu viðbragði“. Hér mætast því tveir menn, annar konungur og hinn konunglegur, og af Jarizleifi nemur Yngvar margar tungur að tala, og minnir um margt á *Konungs skuggsjá*. Jafnframt fréttir hann af dularfullri stóra sem enginn veit hvar á upptök sín og ræðst í leiðangur til að komast að hinu sanna. Þar með hefur fundur hans og Jarizleifs fært hann inn á braut sem marka mun örlög hans.

Sagan sjálf er hlutfallslega mjög efnismikil miðað við lengd og ekki tóm hér til að ræða þau efnisatriði í smáatriðum. Látum duga að geta þess að Yngvar og síðar sonur hans Sveinn glíma við risa, dreka, víkinga, heiðingja, einhvers konar fuglaþjóð, drauga og djöfulkvendi í leit sinni að upptökum árinna, sem geta má sér til um að eigi upptök sín í sjálfri Paradís enda alþekkt í alfræðiritum miðalda að einn grundvöllur landafræðilegrar þekkingar eru stórflyótin fjögur sem þaðan renna: Tígri, Efrat, Píson og Gíhon (1. Mós 2:10; Kålund, 1908, bls. 6–7; sjá einnig Arngrím Vídalín, 2020).

Sú þekking sem Yngvar öðlast í ríki Jarizleifs kemur honum til góða þegar hann hittir drottninguna Silkisif, sem Yngvar áttar sig fljótlega á að talar „rómversku, þýversku, dönsku ok girsku ok margar aðrar [tungur], er gengu um Austrveg. En er Yngvarr skildi hana þessar tungur mæla, þá sagði hann henni nafn sitt og spurði hana at nafni ok hverrar tignar hún væri.“ Af drottningu og spekingum hennar nemur Yngvar enn meiri fróðleik en fyrr, og hann fræðir hana sömuleiðis um „almætti guðs, ok fell henni vel í skap sú trú. Svá unni hún mikit Yngvari, at hún bauð honum at eignast allt ríkit ok konungs nafn, ok sjálfa sik gaf hún at lyktum í hans vald, ef hann vildi þar staðfestast, en hann kveðst fyrst vilja rannsaka lengd árinna ok þiggja þann kost síðan“ (Guðni Jónsson og Bjarni Vilhjálmsson, 1944, bls. 374).

Aftur heldur Yngvar leiðar sinnar og lendir í slagtogi við annan konung, Jólfr af borginni Helíópólís, og dvelur vetrarlangt hjá honum. Hvern einasta dag situr Jólfrur konungur á tali við Yngvar og fræðast þeir báðir hvor af öðrum. Það sem mest er um vert er að Jólfrur veit sitthvað um ána hans Yngvars:

en Jólfr kveðst þat vita með sannleik, at hún fell ór uppsprettu þeiri, „er vér köllum Lindibelti. Þaðan fellr ok önnur til Rauðahafs, ok er þar mikill svelgr, sá er Gapi er kallaðr. Á milli sjóvar ok árinna er nes þat, er Siggeum heitir. Áin fellr skammt, aðr hún fellr

af bjargi í Rauðahaf, ok köllum vér þar enda heims. En í þessi ánni, er þú hefir farit eptir, liggja úti illgerðamenn á stórum skipum ok hafa öll skipin hulin reyri, svá at menn hyggja þat eyjar, ok hafa alls konar vápn ok skoteld, ok meir eyða þeir mönnum með eldi en vápnnum.“ En borgarmönnum þótti konungr sinn einskis gá þess, er þeir þurftu, fyrir Yngvari ok heituðust at reka hann af ríkinu, en taka sér annan konung. Ok er Yngvarr heyrði þetta, bað hann konung gera vilja lýðs síns. Hann gerði svá. (Guðni Jónsson og Bjarni Vilhjálmsson, 1944, bls. 376)

Þó að töluvert minna sé sagt berum orðum um uppfræðsluna bætir *Yngvars saga víðförla* í raun um betur, þar sem Yngvar nemur allan helsta vísdóm ekki af einum heldur af þremur einvöldum í austurvegi. Svo ákafur kennari er sá þriðji og síðasti að við liggur að þegnar hans geri uppreisn og steypi honum af stóli þar sem hann gleymir alveg að stjórna ríkinu á meðan hann uppfræðir Yngvar, og örlar þar sennilegast á glettni söguhöfundar.

För Yngvars er þyrnum stráð, svo vægt sé til orða tekið, og að lokum lætur hann líf sitt ásamt stórum hluta síns föruneysis. Honum verður nokkuð ágengt, nemur marga spekina og ferðast um ókönnuð lönd í leit sinni að uppsprettu árinna, en nær að lokum ekki markmiði sínu. Það kemur í hlut sonar hans Sveins Yngvarssonar sem sagður er „sterkr maðr ok inn líkasti föður sínum“. Sveinn nemur „margar tungur at tala, þær er menn vissu um Austrveg ganga,“ býr mikinn fjölda skipa og siglir í ríki Silkisifjar drottningar. Þar ganga málin svo að Sveinn giftist Silkisif, kristnar hana, skírir hvern einasta kjaft í borginni og er loks krýndur konungur, líkt og föður hans hafði áður boðist í sama stað. Ef til vill má skilja muninn á feðgunum þannig að Yngvar hafi skort hina konunglegu stillingu, þrátt fyrir allar aðrar dygðir sem hann var prýddur, og verið of bráður í leit sinni að uppruna árinna. Sveinn á hinn bóginn er varkárari og tekst að ráða niðurlögum ýmissa þeirra vætta sem áður plöguðu leiðangur Yngvars. Hann bæði nær markmiðum föður síns, hefnir fyrir hrakfarir hans og í slagtoyi við Silkisif byggir upp bakland kristinnar áður en áfram er haldið. Svo langt er gengið að þau nefna Yngvar dýrling og helga honum kirkju, við mjóróma mótbáru biskups. Áður en Sveinn svo heldur áfram pílgrímsför sinni lengra meðfram ánni snýr hann heim til Svíþjóðar til að segja öll sannindi af ferðum þeirra feðga og þaðan á þessi saga að hafa breiðst um Norðurlönd. Segir svo sagan: „En er tveir vetr váru úti, siglir Sveinn ór Svíþjóðu, en Ketill dvaldist þar eptir, ok lést hann svá heyra sagt, at Sveinn væri í Görðum um vetrinn ok bjóst um várit þaðan ok sigldi at sumarmagni ór Garðaríki, ok vissu menn þat síðast til hans, at hann sigldi í ána.“ (Guðni Jónsson og Bjarni Vilhjálmsson, 1944, bls. 391–394).

Hvort Sveinn að endingu fann upptök árinna, eða sjálfa Paradís, er látið liggja á milli hluta enda spyrst ekki meira til hans. Enn er þó menntagildi sögunnar undirstrikað í lok hennar.¹⁰

Mikilvægi landafræðikunnáttu

Áhugaverða hliðstæðu við framangreint er að finna í Ynglinga sögu, öðrum hluta konungasagnaritsins *Heimskringlu* sem talin hefur verið samin af eða fyrir tilstuðlan Snorra Sturlusonar upp úr árinu 1220. Hún hefst á stuttri heimslýsingu sem flestum Íslendingum ætti að vera að nokkru kunn enda standa upphafsorð þeirrar lýsingar fremst í íslenskum vegabréfum:

Kringla heimsins, sú er mannfólkið byggir, er mjög vogskorin. Ganga höf stór úr útsjánnum inn í jörðina. Er það kunnigt að haf gengur frá Nörvasundum og allt út til Jórsalalands. Af hafinu gengur langur hafsbotn til landnordurs er heitir Svartahaf. Sá skilur heimsþriðjungana. Heitir fyrir austan Asía en fyrir vestan kalla sumir Evrópu en sumir Eneu. En norðan að Svartahafi gengur Svíþjóð hin mikla eða hin kalda. Svíþjóð hina miklu¹¹ kalla sumir menn eigi minni en Serkland hið mikla, sumir jafna henni við Bláland hið mikla.¹² Hinn nyrðri hlutur Svíþjóðar liggur óbyggður af frosti og kulda, svo sem hinn syðri hlutur Blálands er auður af sólarbruna. Í Svíþjóð eru stórhéruð mörg. Þar eru og

¹⁰ Ítarlegar um ævintýri Yngvars og Sveins hefur verið fjallað af Arngrími Víðalín (2017, 2020) og Haka Antonssyni (2012).

¹¹ Svíþjóð hin mikla vísar til Skýþíu sem m.a. nær utan um Síberíu nútímans.

¹² Bláland vísar til Eþíópíu sérstaklega og almennt til Afríku sunnan Sahara.

margs konar þjóðir og margar tungur. Þar eru risar og þar eru dvergar, þar eru blámenn og þar eru margs konar undarlegar þjóðir. Þar eru og dýr og drekar furðulega stórir. Úr norðri frá fjöllum þeim er fyrir utan eru byggð alla fellur á um Svíþjóð, sú er að réttu heitir Tanaís. Hún var forðum kölluð Tanakvísl eða Vanakvísl. Hún kemur til sjávar inn í Svartahaf. Í Vanakvísllum var þá kallað Vanaland eða Vanaheimur. Sú á skilur heimsþriðjungana. Heitir fyrir austan Asía en fyrir vestan Evrópa. (Bergljót S. Kristjánsdóttir o.fl., 1991, bls. 7)

Þessum stutta búið svipar mjög til landafræðiritgerða frá fjórtánda öld sem varðveittar eru í handritsbrotinu AM 736 I 4to, safnrítinu Hauksbók, biblíurítinu Stjórn og alfræðiritinu Narfeyrabók (AM 194 8vo), en í síðastnefnda ritinu eru vissir hlutar landafræðikaflans samhliða texta AM 736 I 4to og Hauksbók með aðeins smávægilegum frávikum, hvort sem nákvæmlega þau rit hafi verið forritin eður ei (sjá nánar hjá Arngrími Vídalín, 2017).¹³ Elsta þekkt handrit *Heimskringlu* hefur verið nefnt Kringla, talið ritað um 1260 en aðeins er varðveitt eitt skinnblað úr því eftir Kaupmannahafnarbrunnann 1728. Um líkt leyti og Kringla var rituð var *Konungs skuggsjá* færð í letur og skömmu eftir það AM 736 I 4to (1290–1310) og Hauksbók (1308–1310).

Segja mátti að þeir textar sem hér hafa verið nefndir myndi samfellda þróun í íslenskri landafræði enda eru þeir mjög skyldir að efni og bera um margt keim af evrópskum lærdómi, svo sem þeim sem finna má í *Orðsifjum* Ísidórusar og sambærilegum ritum. Að AM 736 I 4to undanskilinni eiga þessar landafræðiritgerðir það sameiginlegt að skýra heiminn út frá makróbískum hugmyndum um byggileg svæði heimsins, frá hinu brunna suðri til hins helfrosna norðurs með byggilegu svæði í miðjunni, og áhrif öfgakennds loftslags á lönd og lýði. Þar með býr fólk syðst í suðri og austast í austri við slíkan steikjandi hita að það verður skrímslislegt hið ytra sem innra og eru sumar þjóðir jafnvel mannætur (Arngrímur Vídalín, 2017). Ítarlegust er landafræði *Stjórnar*, um fimmtíu blaðsíður í útgáfu Reidars Astás, en um hana mátti skrifa mörg lærð rit áður en fulltæmd yrði af rannsóknarefnum.

Það sem helst vekur forvitni hér eru aftur á móti samsvarandi fræði í sagnaritum á borð við *Eiríks sögu víðförla* og svo í *Yngvars sögu víðförla*. Samsvarandi kafla *Heimskringlu* kann að virðast smáatriði þegar á heildina er litið en öll rök hníga til þess að það sé þá ekki umfangslítið smáatriði. Til þess eru tengslin við hefðina of afgerandi. Íslensk rit eiga það vitanlega til að sleppa úr hinu ysta norðri enda kæmi það Íslendingum illa að eiga að réttlæta eigin tilveru á jafri heimsins, en *Ynglinga saga* sleppir norðrinu að vísu ekki þó að hún láti blámenn búa í frosthörkum Svíþjóðar hinnar miklu (Skýpíu) fremur en í sólarbruna Blálands. Þar búa ennfremur risar, dvergar og drekar, auk fleiri undarlegra þjóða, rétt eins og getið er um í sögum um hina víðförlu Eirík, Yngvar og Svein, í *Konungs skuggsjá* og í landafræðiritgerðunum öllum.

Viðhorf til menntunar

Ef upplýsingar af þeim toga sem landafræðiritgerðirnar innihalda voru sannarlega taldar mikilvægar kristnum konungum þá skal það heldur ekki gleymast að Ynglinga saga rekur ættir norræna konunga með evhemerískri aðferð í gegnum Æsina allt aftur til Tróju. Hinir ætluðu guðir voru aðeins teknir í misgripum fyrir slíka og með því urðu þeir konungar yfir Skandinavíu og ættfeður aðalborinna norræna manna. Allt ber þetta með sér að sú heildstæða hugmynd sem hér hefur verið rakin hafi verið almenn meðal lærðra manna á Íslandi á síðmiðöldum. Konungur er ekki aðeins sá sem þiggur vald sitt frá Guði, dygðugur stjórnandi sem þekkir hina sönnu trú og mun á kostu og löstu. Hann skal vera margfróður um guðfræði og trúarlega siðfræði, um viðskiptahætti og landafræði, heimstungur, þjóðir og þjóðhætti, jafnvel um stórhveli, dreka og önnur þau skrímsl sem þjóna sínum tilgangi í órannsakanlegu gangverki þess heims sem Guð hefur skapað. Án þekkingar verður enginn konungur, en konungur þarf sömuleiðis að skilja og geta hagnýtt sér þá þekkingu sem veldi hans byggir á. Þar helst allt í hendur. Dygðugum konungi er nauðsynlegt að skilja til hlítar hvaðan hann þiggur veraldlegt vald sitt, því í sköpunarverkinu öllu endurspeglast skaparinn og til að gjörþekkja Guð þarf að kunna á sköpunarverkinu öll skil, einnig myrkari hliðum þess. Konungur þarf að geta greint á milli dygða og lasta, góðs og ills, hinna ædstu lystisemda Paradísar og þeirrar

¹³ Áhugaverðan samanburð á *Stjórn 3* og *Konungs skuggsjá* má sjá hjá Kleivane (2018).

þjáningar sem bíður hinna fordæmdu þjóða á jöðrum heimsins, því skilningur á þessu er ekki einasta lykkillinn að heiminum – skilningur á röngu hinna réttu siða og trúar, á hinum sem ekki tilheyra kristnu samfélagi, er einnig leiðin að sönnum sjálfsskilningi.

Höfuðdygðirnar fjórar skulu vera mönnum leiðarljós eigi síður en hinar fjórar meginstoðir kristinnar sem nefndar eru í *Elucidarium*. Einn grundvöllur til skilnings á þeim eiginleikum sem vert er að tileinka sér er fróðleiksást, filósófía, og nám í hinum sjö frjálsum höfuðgreinum. Fáir munu hafa haft tækifæri til svo rækilegrar menntunar að nema þrí- (lat. *trivium*) og fjórvegin (lat. *quadrivium*) allan; sennilegast er til að mynda að flestir prestar hér á landi hafi einungis numið nauðsynlegustu undirstöðuatriði sem gerðu þeim kleift að sinna starfi sínu (Gunnar Hardarson, 1989, bls. 22). Ljóst er engu að síður að lærdómur eigi síður en viska var í hávegum hafður jafnt í þeim ritum sem ætluð voru til uppfræðslu, svo sem *Elucidarius* og *Konungs skuggsjá*, og í sögum sem hafa á sér öllu ævintýrlegri blæ og hafa fremur verið ætlaðar til alþýðuskemmtunar en til beinnar fræðslu. Mest er um vert að söguhetjur víðförlasagnanna tveggja fylgja eftir viðlíka lærdómi og þeim sem lagt var upp með í menntun konunga og presta, svo ljóst verður að konunglegar og kristilegar dygðir haldast hönd í hönd í lærdómslist miðalda. Svo vitnað sé til *Konungs skuggsjár* hér í lokin hafa þeir sannarlega flest vitni til síns fróðleiks er best eru lærðir, meðan aðrir týnast á villistigum fyrir fáfræðis sakir.

„Þeir hafa flest vitni til síns fróðleiks er best eru lærðir“: The Influence of Learned Literature and Educational Books on Medieval Icelandic Sagas

Following the Christianisation of Iceland around 1000 AD, it was necessary to import and translate the most essential literature for the education of priests to ensure the success of the fledgling Church of Iceland. While it was necessary for priests to have at least some command of Latin, the same could not be said for the general populace of Iceland, which by and large consisted of farmers who were unfamiliar with the long-standing traditions of the Roman Church. In order to ameliorate the situation, sermons and other foundational texts were thus made available in the vernacular. The oldest translations from Latin into Old Norse-Icelandic are thus liturgical texts, homilies, hagiographies, theological treatises and works on Christian philosophy and ethics.

This article considers two particularly influential textbooks from the early years of Nordic literacy. The first is a Christian didactic work, the *Elucidarium* by Honorius Augustodunensis, which has the form of a dialogue between master and apprentice on the basic tenets of Christianity as well as providing an education on morality. The latter is a Norwegian text – like most medieval Nordic texts by an unknown author – written ca. 1250, the *King's Mirror* (*Konungs skuggsjá*). Even though its primary purpose is the secular education of kings on all matters of importance pertaining to their future as worldly rulers, the *King's Mirror* is greatly influenced by the *Elucidarium*, both in form and subject matter; as the king receives his power directly from God, his education is by necessity also a Christian one.

It is argued here that both of these early didactic texts, neither of which were accessible to the general public, had a tremendously interesting, not to say important, impact on two Icelandic sagas in particular: *Eiríks saga víðförla* (*The Saga of Eiríkr the Far-Traveled*) on the one hand and *Yngvars saga víðförla* (*The Saga of Yngvarr the Far-Traveled*) on the other.

It will be shown that the Christian, secular and royal learning exhibited in these works of literature were no less meant to reach a public audience than a more learned one. In spite of the seemingly more fantastic narrative elements of the sagas, which concern themselves with pilgrimages of a sort to distant lands in the East, inhabited by dragons, giants and all kinds of monsters that the protagonists must vanquish in order to reach their goals, all of these works of literature have a common theme: a great admiration for learning

and wisdom, Christian and royal virtues which are thought to be the foundation of all worldly understanding and that which separates good from evil and Christians from heathens.

Both *Eiríks saga* and *Yngvars saga* focus on humble heroes of great skill and thirst for knowledge, who seek and receive vital learning from kings whom they have befriended. The knowledge imparted is of the same nature as that which is found in the *Elucidarius*, a textbook for priests, and in the *King's Mirror*, a textbook for future kings. The knowledge proves to be essential to the saga protagonists, as they would not have achieved their objectives without it, and thus the sagas provide concrete albeit fictitious accounts of legendary people whose service to God and wisdom has brought them eternal glory.

In a society almost exclusively populated by illiterate working classes, these sagas demonstrate the utmost admiration for education – literary but also spiritual and practical learning. The public would still not have had access to the sagas in their written form, but these were stories told from generation to generation in an oral story-telling culture, and along the way the theme of the importance of true knowledge became an integral part of the narrative. While not directly educational texts themselves, these sagas may indicate how such a message could be imparted to those who had no other means or access to education.

Key words: history of education, *Elucidarius*, *King's Mirror*, *Heimskringla*, *Fornaldarsögur Norðurlanda*, theology

Um höfund

Dr. Arngrímur Vídalín (arngrimurv@hi.is) er dósent í íslenskum bókmenntum fyrri alda við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Rannsóknir hans fjalla einkum um frumkynþáttahyggju og gagnrýnar kynþáttakenningar, afmennskun, skrímslafræði, lærdómsrit miðalda og sögu menntunar.

About the author

Dr. Arngrímur Vídalín (arngrimurv@hi.is) is associate professor of medieval Icelandic literature at the University of Iceland, School of Education. His research focuses on proto-racism and critical race theory, dehumanisation, monster theory, medieval learning and the history of education.

Heimildir

- Aðalheiður Guðmundsdóttir. (2021). *Arfur aldanna I: Handan hindarfjalls*. Háskólaútgáfan.
- Arngrímur Vídalín. (2013). „Er þat illt, at þú vilt elska tröll þat.“ Hið sögulega samhengi jöðrunar í Hrafnistumannasögum. *Gripla, XXIV*, 173–210. <https://hdl.handle.net/20.500.11815/2656>
- Arngrímur Vídalín. (2017). *Skuggsjá sjálfsins: Skrímsl, jöðrun og afmennskun í heimsmynd íslenskra sagnaritara 1100–1550* [óprentuð doktorsritgerð]. Háskóli Íslands.
- Arngrímur Vídalín. (2020). Alterity and occidentalism in the 14th century: Narratives of travel, conversion and dehumanization. *The Medieval Globe*, 6(2), 85–108. <https://doi.org/10.17302/TMG.6-2.3>
- Arngrímur Vídalín. (væntanlegt 2025). *Ókind af Adam borin: Skrímslafræði heilags Ágústínusar og Ísland*. *Studia Theologica*, 61.
- Ashurst, D. (2006). Imagining paradise. Í J. McKinnell, D. Ashurst og D. Kick (ritstjórar), *The fantastic in Old Norse-Icelandic literature, sagas and the British Isles: The thirteenth international saga conference Durham / York 6—12 August 2006* (bls. 71–80). Centre for Medieval and Renaissance Studies.

- Atli Harðarson, Ólafur Páll Jónsson, Róbert Jack, Sigrún Sif Jóelsdóttir og Þóra Björg Sigurðardóttir. (2018). Laxdæla saga og siðferðilegt uppeldi í skólum. *Sérrit Netlu 2018 — Bókmenntir, listir og grunnþættir menntunar*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.14>
- Ármann Jakobsson. (1997). *Í leit að konungi: Konungsmynd íslenskra konungasagna*. Háskólaútgáfan.
- Bagge, S. (2000). Old Norse theories of society: From Rígsþula to Konungs skuggsjá. Í J. E. Schnall og R. Simek (ritstjórar), *Speculum regale: Der altnorwegische Königsspiegel (Konungs skuggsjá) in der europäischen Tradition* (bls. 7–45). Fassbaender.
- Barney, S. A., Lewis, W. J., Beach, J. A. og Berghof, O. (2010). *The etymologies of Isidore of Seville*. Cambridge University Press.
- Bergljót S. Kristjánsdóttir, Bragi Halldórsson, Jón Torfason og Örnólfur Thorsson. (1991). *Heimskringla, 1. bindi*. Mál og menning.
- Boyle, E. (2018). Biblical kings and kingship theory in medieval Ireland and Norway. Í K. G. Johansson og E. Kleivane (ritstjórar), *Speculum septentrionale: Konungs skuggsjá and the European Encyclopedia of the Middle Ages* (bls. 173–199). Novus forlag.
- Carlsen, C. (2015). *Visions of the afterlife in Old Norse literature*. Novus forlag.
- Cohen, J. J. (1996). Monster culture: Seven theses. Í J. J. Cohen (ritstjóri), *Monster theory: Reading culture* (bls. 3–25). University of Minnesota Press.
- de Leeuw van Weenen, A. (2018). *AM 677 4to. Four early translations of theological texts: Gregory the Great's gospel homilies, Gregory the Great's dialogues, Prosper's epigrams, De XII abusivis saeculi*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Finnur Jónsson. (1931). *Edda Snorra Sturlusonar*. Gyldendalske boghandel.
- Finnur Jónsson og Eiríkur Jónsson. (1892–1896). *Hauksbók*. Det Kongelige nordiske oldskrift-selskab.
- Firchow, E. S. og Grimstad, K. (1989). *Elucidarius in Old Norse translation*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Gottskálf Jónsson. (2009). Were the earliest fornaldarsögur written in Latin? Í A. Ney, Ármann Jakobsson og A. Lassen (ritstjórar), *Fornaldarsagaerne: Myter og virkelighed* (bls. 79–91). Museum Tusulanums Forlag.
- Guðni Jónsson og Bjarni Vilhjálmsson (sáu um útgáfu). (1944). *Fornaldarsögur Norðurlanda, 3. bindi*. Bókaútgáfan Forni.
- Gunnar Harðarson. (1989). *Þrjár þýðingar lærðar frá miðöldum: Lucidarius, Um kostu og löstu, Um festarfé sálarinnar*. Hið íslenska bókmenntafélag.
- Gunnar Harðarson. (2024a). *Fróðleiksst í fornriti. Í Fingraför spekinnar: Kaflar úr sögu íslenskrar heimspeki á miðöldum* (bls. 17–43). Hið íslenska bókmenntafélag.
- Gunnar Harðarson. (2024b). *Hugtök í hómilíu. Í Fingraför spekinnar: Kaflar úr sögu íslenskrar heimspeki á miðöldum* (bls. 45–73). Hið íslenska bókmenntafélag.
- Gunnar Harðarson. (2024c). *Rökfærslur í Snorra-Eddu. Í Fingraför spekinnar: Kaflar úr sögu íslenskrar heimspeki á miðöldum* (bls. 75–99). Hið íslenska bókmenntafélag.
- Haki Antonsson. (2012). Salvation and early saga writing in Iceland: Aspects of the works of the Þingeyrar monks and their associates. *Viking and Medieval Scandinavia*, 8, 71–140. <https://www.jstor.org/stable/45020183>
- Hamer, A. (2000). Searching for wisdom: The King's mirror. Í J. E. Schnall og R. Simek (ritstjórar), *Speculum regale: Der altnorwegische Königsspiegel (Konungs skuggsjá) in der europäischen Tradition* (bls. 47–62). Fassbaender.
- Helga Kress. (1993). *Máttugar meyjjar: Íslensk fornþéttmenntasaga*. Háskólaútgáfan.
- Hofmann, D. (1981). Die Yngvars saga víðförla und Oddr munkr inn fróði. Í U. Dronke, Guðrún P. Helgadóttir, G. W. Weber og H. Bekker-Nielsen (ritstjórar), *Speculum Norrænum: Norse studies in memory of Gabriel Turville-Petre* (bls. 188–222). Odense University Press.
- Holm-Olsen, L. (1983). *Konungs skuggsjá*. Norsk historisk kjeldeskrift-institutt.
- Jensen, Helle (1983). *Eiríks saga víðförla*. C.A. Reitzels forlag.
- Jón Helgason. (1960). Til Yngvars sagas overlevering. *Opuscula, 1*, 176–178.
- Kálund, K. (1908). *Alfræði íslenszk, 1. bindi*. S. L. Møllers bogtrykkeri.
- Kendall, C. B. og Wallis, F. (2016). *Isidore of Seville: On the nature of things*. Liverpool University Press.

„Peir hafa flest vitni til síns fróðleiks, er best eru lærðir“: Áhrif lærdómstexta og kennslurita á íslensk sagnarit miðalda

- Keyser, R., Munch, P. A. og Unger, C. R. (1848). *Konungs skuggsjá*. Carl C. Werner & Co.
- Kleivane, E. (2009). Sagaene om Oddr og Eiríkr: Ei teksthistorisk tilnærming til to fornaldersagaer. Í A. Ney, Ármann Jakobsson og A. Lassen (ritstjórar), *Fornaldarsagaerne: Myter og virkelighed* (bls. 27–47). Museum Tusulanums forlag.
- Kleivane, E. (2018). There is more to Stjórn than biblical translation. Í K. G. Johansson og E. Kleivane (ritstjórar), *Speculum septentrionale: Konungs skuggsjá and the European encyclopedia of the middle ages* (bls. 115–146). Novus forlag.
- Kolbrún Haraldsdóttir. (2019). Eiríks saga víðförla í miðaldahandritum. *Gripla*, XXX, 47–75. <https://gripla.arnastofnun.is/index.php/gripla/article/view/101>
- Lorenzen, M. (1882). *Mandevilles rejse i gammeldansk oversættelse tillige med en vejleder for pilgrimme*. S. L. Møllers bogtrykkeri.
- Lönnroth, L. (2014). *From history to myth: The Ingvar stones and Yngvars saga víðförla*. Í T. R. Tangherlini (ritstjóri), *Nordic mythologies: Interpretations, intersections, and institutions* (bls. 100–114). North Pinehurst Press.
- Morawiec, J. (2009). *Vikings among the Slavs: Jomsborg and the Jomsvikings in Old Norse tradition*. Fassbaender.
- Olson, E. (1912). Inledning. Í E. Olson (ritstjóri), *Yngvars saga víðförla: Jämt ett bihang om Ingvarsinskrifterna* (bls. I–CII). S. L. Møllers bogtrykkeri.
- Patzuk-Russell, R. (2021). *The development of education in medieval Iceland*. Walter de Gruyter.
- Quinn, J., Kalinke, M., Clunies Ross, M., Phepstead, C., Torfi Tulinius, Gottskálf Jenson, Ármann Jakobsson, Lassen, A., Rowe, E. A., Mitchell, S., Aðalheiður Guðmundsdóttir og O'Connor, R. (2006). Interrogating genre in the Fornaldarsögur: A roundtable discussion. *Viking and Medieval Scandinavia*, 2, 275–296. <https://www.jstor.org/stable/45019114>
- Rowe, E. A. (2005). *The development of Flateyjarbók: Iceland and the Norwegian dynastic crisis of 1389*. The University Press of Southern Denmark.
- Róbert Jack. (2018a). Dygðirnar í Laxdæla sögu: Efniviður fyrir mannkostamenntun. *Sérrit Netlu 2018 — Bókmenntir, listir og grunnþættir menntunar*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.23>
- Róbert Jack. (2018b). Dygðir, siðferði og siðferðisþroski: Að nota Íslendingasögur til mannkostamenntunar. *Sérrit Netlu 2018 — Bókmenntir, listir og grunnþættir menntunar*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.22>
- Schlauch, M. (1934). *Romance in Iceland*. George Allen & Unwin.
- Sverrir Jakobsson. (2007). Draumurinn um Indíalönd og heimsmýnd Íslendinga á miðöldum. Í Benedikt Eyþórsson og Hrafnkell Lárússon (ritstjórar), *Þriðja íslenska söguþingið 18.–21. maí 2006* (bls. 33–43).
- Sverrir Jakobsson. (2018). Prester John at the Norwegian court: The learned discourse about the Indies in Old Norse sources. Í K. G. Johansson og E. Kleivane (ritstjórar), *Speculum septentrionale: Konungs skuggsjá and the European encyclopedia of the middle ages* (bls. 149–171). Novus forlag.
- Sverrir Tómasson. (2011). Ferðir þessa heims og annars: Paradís – Ódáinsakur – Vínland í ferðalýsingum miðalda. Í *Tækileg vitni: Greinar um bókmenntir gefnar út í tilefni sjötugsafmælis hans 5. apríl 2011* (bls. 359–378). Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum; Hið íslenska bókmenntafélag.
- Tschan, F. J. og Reuter, T. (2002). *History of the archbishops of Hamburg-Bremen*. Columbia University Press.
- Wang, S. M. (2023). *Decolonising medieval Fennoscandia: An interdisciplinary study of Norse-Saami relations in the medieval period*. Walter de Gruyter.
- Widding, O. (1960). *Alkuin i norsk-islandsk overlevering*. Editiones Arnamagnæana, series A, vol. 4.
- Póra Björg Sigurðardóttir. (2018). Siðfræði í bókmenntakennslu. *Sérrit Netlu 2018 — Bókmenntir, listir og grunnþættir menntunar*. <https://doi.org/10.24270/10.24270/serritnetla.2019.24>



Arngrímur Vídalín. (2025).

„Peir hafa flest vitni til síns fróðleiks, er best eru lærðir“: Áhrif lærdómstexta og kennslurita á íslensk sagnarit miðalda
Netla – Vefútgáfa um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

<http://netla.hi.is>

DOI: <https://doi.org/10.24270/netla.2025/25>